



Reykjavík 6. mars 2020

Kæra samstarfsfólk!

Nú er búið að lýsa yfir neyðarástandi vegna kórónaveirunnar covid19. Enn hefur samkomubann ekki verið sett á en samkvæmt fréttum gæti það gerst fljótlega.

Ég þakka ykkur öllum sem hafið haft samband, lagt til góðar tillögur, hugmyndir og ráð.

Sem fyrr brýni ég fyrir ykkur að afla ykkur upplýsinga inn á heimsíðu landlæknisembættisins landlaeknir.is en þar eru nýjustu upplýsingar settar inn um leið og þær berast.

Á meðan ekki er lýst yfir samkomubanni verður messað í kirkjum landsins eins og áætlun gerir ráð fyrir. Hins vegar óska ég eftir því að altarisgöngur verði ekki viðhafðar að svo stöddu. Sem fyrr verða kirkjugestir ekki kvaddir með handabandi eftir athöfn.

Mikið hefur verið spurt um fermingar vorsins. Það sama á við um þær og messurnar. Á meðan ekki er samkomubann munu þær fara fram eins og áætlað er, en án handabands og altarisgöngu. Yrði þá tekið fram að altarisgöngan fari fram síðar og má hugsa sér að í upphafi næsta vetrar verði fermingarbörn vorsins boðin til kirkju og altaris.

Við förum að fyrirmælum sóttvarnarlæknis og þeirra annarra sem leggja okkur línurnar í þessum efnum. Við biðjum jafnframt fyrir þeim öllum sem búa við mikið álag við að fyrirbyggja vá og vakta stöðuna almenningi til heilla.

Ég hef kallað saman samráðshóp sem verður biskupi til ráðuneytis varðandi viðbrögð kirkjunnar vegna covid19. Í hópnum eru séra Helga Soffía Konráðsdóttir, prófastur í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra, Pétur G. Markan, samskiptastjóri Biskupsstofu og séra Sigfús Kristjánsson, sviðsstjóri fræðslu og kærleikspjónustu á Biskupsstofu.

Með bæn og blessun Guðs í lífi og starfi,

Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.